



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík 08. júní 2020

Óskað eftir afstöðu forsætisnefndar vegna stafræns merkis Reykjavíkurborgar

Í ljósi umsagnar upplýsingadeildar og minnisblaðs Stafrænnar Reykjavíkur sem lagt var fyrir forsætisnefnd 29. maí síðastliðinn er óskað eftir að forsætinefnd taki afstöðu til nýs stafræns merkis og litavals.

Athugið að hér er aðeins um stafræna útgáfu að ræða og viðbót við merki borgarinnar sem notað er á prentmiðlum.

Þeir hönnuðir og sérfræðingar sem hafa útbúið nýtt stafrænt merki fyrir borgina leggja til ljósari lit til að gera það auðþekkjanlegra og skýrara á stafrænum tækjum.

Í minnisblaði með umsögn upplýsingadeildar, sem tekur mið af samtali við ættingja Halldórs Péturssonar, upprunalegan hönnuð merkisins, kemur fram mikil ánægja með formið en skiptar skoðanir eru um litinn.

Sá litur sem lagður er til í uppfærðu stafrænu merki er niðurstaða hönnuða sem sérhæfa sig í stafrænni markaðssetningu og því er eindregið lagt til að sá litur verði notaður.

Við óskum því eftir því að forsætisnefnd taki afstöðu til tillögu okkar um notkun á stafrænu merki borgarinnar og veiti heimild til notkun þess samhliða öðrum útgáfum af merkinu.



Virðingarfyllt fyrir hönd kynningarteymis þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Pröstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur